

Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
3100 lítra og minni	8.840
3101 – 6000 lítra	10.220
6001 – 10000 lítra	12.190

Fyrir rotþrær stærri en 10000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 7.300 á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 61.370,- fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 370 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 141,6 í desember 2018.

3.gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 59. gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1298/2017.

Borgarnesi 27. desember 2018.

Gunnlaugur A. Júlíusson
sveitarstjóri